



## **Reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Kópavogi**

SKV. 29 GR. LAGA FÉLAGSPJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM NR.  
40/1991

### **1.gr.**

#### **Markmið og forsendur**

Lögboðin ferðaþjónusta er til afnota fyrir þá íbúa í Kópavogi sem heyra undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og geta ekki notað þjónustu almenningsvagna vegna langvarandi fötlunar og þarfnast sértækrar akstursþjónustu til að komast á milli staða á höfuðborgarsvæðinu.

Að jafnaði er miðað við akstur fyrir fólk frá 16 ára aldri og taka reglur þessar ekki til aksturs í leik- og grunnskóla.

Markmið lögboðinnar ferðaþjónustu er að gera notendum þjónustunnar kleift að stunda atvinnu og nám, sækja þjónustu og njóta tómsunda.

### **2. gr.**

#### **Skilgreiningar á ferðum, fjöldi ferða og þjónustusvæði**

Fjöldi ferða fer eftir samkomulagi umsækjenda og þjónustudeildar fatlaðra.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka.

Þjónustusvæði er höfuðborgarsvæðið frá Hafnarfirði í suðri og Kjalarnes í norðri.

### **3. gr.**

#### **Gjaldtaka**

Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við helming af almennu fargjaldi Strætó og greiðist til Kópavogsbæjar. Þeir sem fá úthlutað akstri á grunnavelli samnings við Blindrafélagið greiða gjald í samræmi við það samkomulag til Blindrafélagsins. Sé þörf fyrir fylgdarmann er heimilt að innheimta sem svarar strætógjaldi fyrir hann.

Gjald fyrir akstursþjónustu sem veitt er vegna tímabundinnar hreyfihömlunar er ákveðin af velferðarráði og birt í gjaldskrá á heimasíðu bæjarins.

Gjald vegna árskorts skal miðast við árskort fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó hverju sinni. Gjald vegna 6 mánaða korts miðast við við 60% af árskorti fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó hverju sinni. Árskort og 6 mánaða kort gilda fyrir fastar ferðir sem mætt er í.

### **4. gr.**

#### **Umsóknarferli og úthlutanir**

Umsókn um ferðapjónustu skal senda til þjónustuvers Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1. Þá er hægt að sækja um rafrænt á íbúagátt á heimasíðu Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Í umsókn þarf að koma fram ástæða fyrir umsókn og rökstudd ósk um fjölda ferða. Læknisvottorð og/eða greinargerð annarra fagaðila skal fylgja umsókn.

Umsóknir eru lagðar fyrir deildarfundi þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra að jafnaði sjö dögum eftir að umsókn og gögn hafa borist. Umsókn er fyrst og fremst metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna eða aðra ferðamöguleika.

Umsækjendum er tilkynnt bréflaga um úthlutun innan sjö daga frá ákvörðun. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun deildarfundar til velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Umsækjanda skal kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarmála þegar niðurstaða velferðarráðs liggur fyrir.

Notanda ber að tilkynna velferðarsviði um allar breytingar sem verða á högum hans og snerta þessa þjónustu. Sækja þarf sérstaklega um fjölgun ferða.

## 5. gr.

### Framkvæmd

Þegar umsókn hefur verið samþykkt getur umsækjandi snúið sér beint til framkvæmdaraðila ferðapjónustunnar, sem tekur á móti beiðnum notenda, veitir upplýsingar um aksturstíma og skipulagningu ferða.

Ein ferð telst frá A til B og önnur ferð til baka.

Mikilvægt er að farþegar séu tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á tilsettum tíma. Sé ástæða til aðstoðar bílstjóri farþega frá anddyri og inn í bíl. Ekki er beðið eftir farþega á meðan hann sinnir erindum sínum og ekki er heimilt að bílstjóri sinni neinum erindum fyrir farþega.

Farþegar þurfa að vera viðbúnir því að um tafir og breytingar á áætlun geti orðið, sérstaklega vegna slæmrar færðar eða annarra óvæntra hindrana.

Geti farþegi ekki með nokkru móti, af tilteknum og rökstuddum ástæðum, nýtt sér ferðir með þeim sérútbúnu bifreiðum sem akstursaðili ferðapjónustunnar rekur, getur hann farið fram á að fá samning um sérstaka útfærslu á framkvæmd.

## 6. gr.

### Öryggismál og tengd atriði

Ferðapjónusta er í höndum framkvæmdaraðila sem sinnir þjónustu skv. samningi við Kópavogsbæ. Allur bílakostur er útbúinn samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og er öryggisprófaður.

Akstursaðili ferðapjónustu Kópavogsbæjar tekur á sig ábyrgð á ráðningu bifreiðastjóra og að starfsmenn séu með fullgild ökuréttindi, aukin ökuréttindi og hafi sótt skyndihjálparnámskeið. Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs í ferðapjónustunni sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga. Hafi starfsmaður verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

Atvikaskrá ber að gera hjá báðum aðilum, velferðarsviði Kópavogsbæjar sem hefur umsjón með ferðapjónustunni og akstursaðila sem er verktaki. Þar ber að skrá atvik og kvartanir sem upp kunna að koma og vinna til úrlausna með aðilum.

**7. gr.  
Áfrýjun**

Umsækjandi getur skotið ákvörðun um úthlutun til velferðarráðs innan fjögurra vikna frá ákvörðun. Jafnframt skal honum kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarmála þegar niðurstaða velferðarráðs liggur fyrir.

**8. gr.  
Gildistaka**

Reglur þessar eru settar samkvæmt 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði Kópavogs 03.07.2025